

### 3. Stjórnarfundur FORMA 2010 – 2011

Dags: 8. desember 2010

Tími: kl. 16:30

Staður: Gamli skóli

Mætt: Drífa Þorgrímsdóttir, Helgi Þ. Svavaron, Herdís Zóphóníasdóttir, Ívar Ragnarsson, Ólína Freysteinsdóttir og Ómar Pétursson.

#### 1. Fundarsetning

Ívar Ragnarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

#### 2. Fundargerð síðasta fundar

Athugasemdir bárust frá Ívari við síðustu fundargerð (10. nóvember). Leiðrétt fundargerð samþykkt.

Herdís sagði frá því að Steinunn Benna Hreiðarsdóttir gæfi kost á sér í stjórn FORMA.

#### 3. Forvarnarfulltrúi MA gestur fundarins

Hólmfríður Jóhannsdóttir forvarnarfulltrúi MA boðin velkomin á fundinn. Hún sagði frá starfi forvarnarfulltrúa, greindi frá samstarfsaðilum og frá kynningu sem hún fór á um heilsueflandi skóla í Flensborgarskóla. Þá greindi hún frá mjög góðum niðurstöðum úttektar næringarfræðings frá Lýðheilsustöð á mötuneytinu við MA. Þar kom ennfremur fram að nemendasjoppa í MA væri helsti veikleikinn en það er að lagast því verið er að auka úrval hollustuvara sem þar er á boðstólum. Hólmfríður sagði svo frá því að til þess að auka enn á vitund nemenda MA um hollustu og heilbrigði þá er ráðgert að Velgengnis dagar og Ratatoskur á komandi vorönn tengist lífsstíl. Síðan er ráðgert að kanna hjá nemendum hvaða fyrirtæki þeir myndu vilja versla við og í framhaldi af því að semja við fyrirtæki um afslátt.

#### 4. Árshátíð MA og ástand á meðlimi/um hljómsveitarinnar Nýrrar danskrar

Rætt um nýafstaða og mjög svo glæsilega árshátíð MA þar sem að nemendur voru til fyrirmyndar. Einnig um fréttir sem bárust af hegðun, ástandi einstaks/ra hljómsveitarmeðlims/a sem ollu gríðarlegum vonbrigðum og vanþóknun. Samin var ályktun frá stjórn FORMA til umboðsmanns hljómsveitarinnar „Nýrrar danskrar“ og afrit send til skólameistara Menntaskólans á Akureyri, forvarnarfulltrúa Menntaskólans á Akureyri og stjórna foreldrafélaga framhaldsskóla á landinu:

*Stjórn FORMA lýsir vanþóknun sinni á framkomu og ástandi einstakra hljómsveitarmeðlima hljómsveitarinnar Nýrrar danskrar á Árshátíð Menntaskólans á Akureyri þann 3. des. s.l. Árshátíðin er ein af stærstu vímuefnalausum uppákomum landsins og leggur skólasamfélag menntaskólans mikinn metnað í að hún sé sem best heppnuð. Á árshátíðinni virtist a.m.k. einn hljómsveitarmeðlima vera undir áhrifum vímuefna þrátt fyrir að slíkt sé samningsbrot við nemendafélag skólans. Stjórn FORMA lítur það alvarlegum augum að fullorðnir einstaklingar skuli ekki geta staðið við gerðan samning og*

*virt það frábæra framtak sem skólafélagið stendur fyrir með þessari vímulausu árshátíð.*

*Stjórn Forma*

## **5. Fundur FORMA og HUGINS**

Ívar fór sem fulltrúi Forma á fund hjá nemendafélaginu Huginn. Því miður komust ekki fleiri fulltrúar á þennan fund en rætt var um skálaferðirnar og busa- og böðlapartýin. Svo virðist enn og aftur sem margt megi mun betur fara í umræddum partýum.

Hólmfríður forvarnarfulltrúi sagði frá því að hún hefði farið í alla 4. bekki eftir 1. busapartýið. Þá fór hún fram á það við böðlabekkina að ekkert vín yrði í busapartýum og minnt þau á að það væri lögreglumál.

## **6. Skálaferðir 1. bekkinga**

Helgi greindi frá því að hann hefði kannað kostnað við skálaferðir og að það liti út fyrir það að kostnaður á hvern nemenda í 25 manna bekk væri u.þ.b. 6500 kr., ef kennari væri keyptur með í ferðina. Það hefur sýnt sig að það er mun einfaldara og skilvirkara að skólinn skipuleggi skálaferðirnar. Ívar ætlar að ræða það við Jón Má og um möguleika á verktakasamningi við kennara varðandi skálaferðir.

Herdís kannaði hversu margir bekkir hefðu farið í skálaferðir nú í haust og það eru 5 bekkir sem hafa farið.

Næsti fundur er ákveðinn 19.1.2011, kl. 16.30 og Herdís ætlar að finna fundarstað.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 18

Drífa Þorgrímsdóttir  
ritari